

8. Stjórnarfundur Landssambands ungmennafélaga

Hinu húsinu, 22. júlí 2020, kl. 17:15

Mættir eru: Una Hildardóttir (UH), Sara Þöll Finnbogadóttir (SÞF), Geir Finnson (GF), Heiða Vigdís Sigfúsdóttir (HVS), verkefnastjóri og Tinna Isebarn (TI) framkvstj. LUF. Tanja Teresa Leifsdóttir (TTL) og Rut Einarsdóttir (RE) voru einnig með í gegnum fjarfundabúnað.

Fundarstjóri: Una Hildardóttir (UH)

Fundur settur: 17:25

Dagskrá:

1. **Fundargerð** 7. stjórnarfundar er samþykkt.
2. **Opinber fundargerð** 1. Leiðtoga ráðsfundar er samþykkt.
3. **Innri framkvæmdaráætlun:** Stjórn skipti með sér ábyrgðarhlutverkum. Ákveðið var að fresta markmiði 12. um að halda Skuggaþing vegna COVID-19.
4. **Aðildarmál:** UH kynnir skýrslu um mat á umsókn Unghuga um áheyrnaraðild og leggur málið fram til umræðu. Aðildarumsóknin er samþykkt með lófaklappi.
 - 4.1.
5. **Upplýsingagjöf frá skrifstofu:** Vinnuáætlun LUF hefur verið uppfærð og lokaskýrsla verkfærakistu hefur verið send á Æskulýðssjóð.
 - 5.1. „European Youth Capital 2024“: Beiðni um samstarf hefur verið send á þrjú sveitarfélög og þeim gefið út ágúst til að lýsa yfir áhuga.
 - 5.2. **Ríkisskattsstjóramálið:** SHB hefur sent málið til Umboðsmanns Alþingis.
 - 5.3. **Styrkir til æskulýðsfélaga vegna áhrifa COVID-19:** Sótt var um fyrir Félag ársins 2020.
 - 5.4. **Fundur um rekstarstöðu ungmennafélaga:** HVS kynnir fundargerð með teymi rannsóknar á vegum LUF.
 - 5.5. **Starfsmannamál:** TI kom aftur til starfa 13. júlí. Endurskoða þarf samning við SHB sem er í fæðingarorlofi þar til um miðjan september. Samningur við HVS hefur verið framlengdur út árið.

Steinunn Ása Sigurðardóttir (SÁS) kemur á fund í gegnum fjarskiptabúnað.

6. **Samstarf við félagsmálaráðuneytið:** UH hefur óskaði eftir fundi með fulltrúa félagsmálaráðuneytisins.
7. **Leiðtogaskóli Íslands:** Stjórn LSÍ er skipuð: Fyrirverandi formanni LUF: Falið Sigurði Sigurðssyni, Framkvæmdastjóra LUF: TI, Yfirþjálfara þjálfarateymis LUF: Skrifstofa leggur til að það verði HVS og er það samþykkt, Fulltrúi Stjórnar: GF býður sig fram og er kjörinn af stjórn. Ákveðið er að skipa fulltrúa Leiðtoga ráðs á næsta fundi ráðsins.
 - 7.1. Tímalína LSÍ og auglýsing eftir þjálfurum samþykkt. HVS falið að birta auglýsingu að fundi loknum.
 - 7.2. UH leggur til að hækka laun þjálfara frá 12.000 í 13.000 og er það samþykkt
8. **Fundur með forsætisráðherra um stöðu ungs fólks þar sem tillögur LUF voru kynntar:** UH fylgir máli eftir.
9. **Alþjóðamál**
 - 9.1. **Sendinefnd LUF hjá Sameinuðu þjóðunum:** Allir viðburðir hafa fallið niður vegna Covid-19 TI: leggur til að vinna handbók með verklagsreglum fyrir

sendinefndina og innleiða, í samræmi við samstarfssamning við utanríkisráðuneytið. Lagt er til að senda beiðni á „Norden 0-30“ um breytingu á verkefninu vegna Covid-19, þar sem styrkurinn var fyrir alþjóðlegri vinnustofu og var það samþykkt.

- 9.1.1. **Fyrirspurn frá UNA UK:** TI: falið að taka stöðuna hjá SHB og fylgja eftir.
- 9.1.2. **Fullskipa Sendinefnd LUF:** UH felur TI að senda samstarfsbeiðni á félagsmálaráðuneytið fyrir fulltrúa á sviði barna og ungmenna (e. UN Youth Delegate on Children and Youth) sem kjörinn verður á 2. leiðtogaráðsfundi. Rætt var um önnur möguleg samstarfsráðuneyti og fleiri viðburði Sameinuðu þjóðanna eftir málaflökkum.
- 9.2. **NUBE vinnustofa í Danmörku 4.- 6. september:** Umsóknarfrestur er til og með 5. ágúst. HVS greinir frá umsóknum sem borist hafa. SPF er skipuð í úthlutunarnefnd NUBF. HVS er falið að fylgja eftir.
- 9.3. **Samtarfsbeiðni frá Lettlandi** í að sækja um styrk frá uppbyggingarsjóði EES og Noregs fyrirverkefni með áherslu á sterk ungmennafélög. RE veltir upp skyldum og framlagi til LUF. SPF er falið að senda fyrirspurn um aðkomu LUF og senda þeim svar fyrir föstudaginn nk.
- 9.4. **Tilnefningar NBC í stjórn YFJ:** SPF kynnir framboð og leggur til umræðu. SPF og UH sækja tilnefningarfund NBC föstudaginn 24. júlí.
10. **2. fundur Leiðtogaráðs:** UH: leggur til 3. september og er það samþykkt.
11. **Næsti stjórnarfundur:** Þriðjudaginn 18. ágúst, klukkan 17:15.
12. **Fjármögnun:** Rætt var um fjármögnunarmöguleika fyrir helstu verkefnum á döfnni. Samþykkt var að sækja um styrki fyrir handbók um Sendinefnd LUF, kynningarvef ungmennafélaga, Félaga ársins 2020, #ÉgKýs stjórnmalaskóla fyrir Alþingiskosningar í samráði við SÍF, þróunaráætlun og endurskoðun á stefnu með vinnuáætlun.
13. **Önnur mál:** Engin bárust.

*Fleira var ekki rætt og fundi slitið 19:18
HVS ritaði fundargerð*